

Lög

um breytingu á umferðarlögum, nr. 77/2019 (viðurlög o.fl.).

1. gr.

Í stað orðsins „Samgöngustofa“ í 5. mgr. 64. gr. laganna kemur: Útgefandi ökuréttinda.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 65. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „ökugerða og ökukennara“ í 1. másl. kemur: og ökugerða.
- b. Á eftir 1. másl. kemur nýr másl. svohljóðandi: Útgefandi ökuréttinda getur afturkallað starfsleyfi ökukennara ef skilyrðum fyrir útgáfu leyfis er ekki lengur fullnægt.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 94. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „2. og 3. mgr. 80. gr.“ kemur: 80. gr.
- b. Í stað orðanna „1. og 2. mgr. 82. gr.“ kemur: 1., 2. og 5. mgr. 82. gr.
- c. Á eftir orðunum „90. gr.“ kemur: 3. og 4. mgr. 91. gr., 92. gr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 101. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „fíkniefna“ í 5. mgr. kemur: og/eða lyfja.
- b. Orðin „nema ákvæði 4. og 6. mgr. eigi við um síðara brot ökumanns“ í lokamásl. 7. mgr. falla brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 4. desember 2019.